

## Fundur Afréttarmálanefndar Gnúpverjafréttar.

Fundarstaður: Árnes

Dagsetning og tími: 5.ágúst kl.9:00

Fundargerð nr: 15

**Fundinn sátu:** Gylfi Sigríðarson, Arnór Hans Þrándarson, Lilja Loftsdóttir, Guðmundur Árnason og Sylvía Karen Heimisdóttir

**Fundarefni:** Fjallkóngurinn Guðmundur mun ekki getað sinnt stjórninni á hefðbundinn hátt í haust. Hann leggur því til að fyrverandi fjallkóngur leysi hann af þetta haustið eða hann sjálfur verði á bíl og stjórn þáðan. Lilja mun kanna hvort hún nái að losa sig úr vinnu til að fara í verkefnið.

Auglýsa þarf eftir umsóknum á fjall. Covit mál voru rædd og er stefnt að því að fara á hefðbundinn hátt í smalamennskurnar, en fjöldi í réttu fer eftir samkomutakmörkunum sem þá verða í samfélaginu.

Arnór kynnti hugmynd um breytingu á eftirsafni. Farið verður af stað miðvikudag í vikunni eftir réttir en seinkað ef veðurspá er slæm. Miðvikudagur 5 fjallmenn, fimmtudagur 5 fjallmenn og 2 hjól, föstudagur 5 fjallmenn og 2 hjól, laugardagur 9 fjallmenn og 2 hjól, sunnudagur 6 fjallmenn og 2 hjól. Girðingamál rædd. Lagfæringar á girðingum í réttum og klára þarf breytingu á safngerði. Sylvía beðin að athuga við Vegagerðina hvort þeir komi ekki að girðingakaflanum sem liggur með veginum. Girða þarf væng út frá safngerðinu í Hólaskógi svo auðveldara verði að reka inn í það. Sláttur með vegum áður en safnið er rekið framm hefur hjálpað mikið. Sylvía mun tala við Strá ehf. með það verk.

Nýr kamar í Tjarnarver er klár og þarf að komast innúr. Ný útidyrhurð í Gljúfurleit ætti að koma í næstu viku og þarf að koma henni í fyrir veturinn.

Umræða varð um ferðahestagirðingarnar í Hólaskógi hvort það væri staðarhaldara eða sveitarinnar að sjá um viðhald á þeim.

**Fundi slitið:** 10:10

**Fundarritari:** Lilja Loftsdóttir

Arnór Hans Þrándarson

Gylfi Sigríðarson

Lilja Loftsdóttir